

**Hafnarfirði, 30.10.2019**

**GRÁBRÓK EHF**  
**Kt: 560594-2089**

**ÁRSHLUTAREIKNINGUR**  
**2019**

## ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

**Til stjórnar og hluthafa í Grábrók ehf.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi árshlutareikning Grábrókar ehf fyrir árið 2019.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á árshlutareikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáið um að árshlutareikningurinn sé án verulegra annmarka.


Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í árshlutareikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 30. september 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Hafnarfirði, 30.október 2019

  
Jöggiltur endurskoðandi.

## SKÝRSLA STJÓRNAR

Tap varð af rekstri félagsins að fjárhæð um 19,4 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í septemberlok 2019 var neikvætt sem nemur um 111,8 milljónum samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til árshlutareiknings um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Stöðugildi eru hjá félaginu.

Aðalstarfsemi félagsins er rekstur útgerðarfélags.



Hlutfé félagsins í lok ársins nam kr. 500.000 og skiptist á eftirfarandi hátt:

|                                   |     |         |      |
|-----------------------------------|-----|---------|------|
| Stekkjarsalir ehf. kt.650817-1090 | Kr. | 500.000 | 100% |
|                                   | Kr. | 500.000 |      |

Stjórn og framkvæmdastjóri Grábrókar ehf. staðfestir hér með árshlutareikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Hafnarfirði, 30.október 2019

Stjórn og framkvæmdastjóri:

# REKSTRARREIKNINGUR 2019

|                                                   | Sundurl. | 01.01.-30.09.           | 2018                     |
|---------------------------------------------------|----------|-------------------------|--------------------------|
| <b><u>Rekstrartekjur:</u></b>                     |          |                         |                          |
| Seldur afli                                       | S-1      | Kr. 76.126.627          | Kr. 202.942.754          |
| Leiga aflaheimilda                                |          | " 64.500.000            | " 0                      |
|                                                   |          | Kr. 140.626.627         | Kr. 202.942.754          |
| <b><u>Rekstrargjöld:</u></b>                      |          |                         |                          |
| Laun og starfsmannakostnaður                      | S-2      | Kr. 27.875.764          | Kr. 73.194.890           |
| Útgerðarkostnaður                                 | S-3      | " 27.557.622            | " 120.558.737            |
| Annar rekstrarkostnaður                           | S-4      | " 1.390.976             | " 5.542.821              |
|                                                   |          | Kr. 56.824.362          | Kr. 199.296.448          |
| <b>Rekstrarafkoma</b>                             |          | <b>Kr. 83.802.265</b>   | <b>Kr. 3.646.306</b>     |
| Afskriftir                                        |          | " (4.750.381)           | " (3.036.328)            |
| <b>Rekstrarafkoma án fjármagnsliða</b>            |          | <b>Kr. 79.051.884</b>   | <b>Kr. 609.978</b>       |
| <b><u>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</u></b> |          |                         |                          |
| Vaxtatekjur                                       |          | Kr. 0                   | Kr. 35.469               |
| Vaxtagjöld                                        |          | " (42.775.088)          | " (35.270.439)           |
| Lántökukostnaður                                  |          | " 0                     | " (4.506.479)            |
| Gengistap                                         |          | " (68.433.201)          | " (72.760.971)           |
|                                                   |          | Kr. (111.208.289)       | Kr. (112.502.420)        |
| <b><u>Aðrar hreyfingar:</u></b>                   |          |                         |                          |
| Tjónabætur                                        |          | Kr. 7.884.920           | Kr. 0                    |
| <b>Rekstrarafkoma fyrir skatta</b>                |          | <b>Kr. (24.271.485)</b> | <b>Kr. (111.892.442)</b> |
| Tekjuskattur                                      |          | " 4.854.297             | " 22.375.070             |
| <b>REKSTRARARKOMA ÁRSINS</b>                      |          | <b>Kr. (19.417.188)</b> | <b>Kr. (89.517.372)</b>  |

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## EIGNIR

|                                | Skýr. | 30.9.2019                | 2018                     |
|--------------------------------|-------|--------------------------|--------------------------|
| <b><u>Fastafjármunir:</u></b>  |       |                          |                          |
| Varanlegir rekstrarfjármunir:  | 6     |                          |                          |
| Fasteignir, áhöld og tæki      | Kr.   | 24.485.820               | Kr. 15.594.575           |
| Varanlegar aflaheimildir       | "     | 1.011.185.943            | " 1.011.185.943          |
| Fastafjármunir                 | Kr.   | 1.035.671.763            | Kr. 1.026.780.518        |
| <b><u>Veltufjármunir:</u></b>  |       |                          |                          |
| Skammtímakröfur, KG Fiskverkun | Kr.   | 12.568.162               | Kr. 12.575.964           |
| Skammtímakröfur, tollstjóri    | "     | 10.063.733               | " 0                      |
| Kröfur á tengda aðila, Grunnur | "     | 15.998.495               | " 0                      |
| Tekjuskattsinneign             | "     | 9.440.910                | " 4.586.613              |
| Handbært fé                    | "     | 10.477.054               | " 10.278.626             |
| Veltufjármunir                 | Kr.   | 58.548.354               | Kr. 27.441.203           |
| <b>EIGNIR ALLS</b>             |       | <b>Kr. 1.094.220.117</b> | <b>Kr. 1.054.221.721</b> |

## 30. SEPTEMBER 2019

### SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

|                                               | Skýr.      | 30.9.2019            | 2018                     |
|-----------------------------------------------|------------|----------------------|--------------------------|
| <b><u>Eigið fé:</u></b>                       | 7          |                      |                          |
| Annað eigið fé:                               |            |                      |                          |
| Hlutfé                                        | Kr.        | 500.000              | Kr. 500.000              |
| Lögbundinn varasjóður                         | "          | 125.000              | " 125.000                |
| Óráðstafað eigið fé                           | "          | (112.440.989)        | " (93.023.801)           |
| Annað eigið fé                                | Kr.        | (111.815.989)        | Kr. (92.398.801)         |
| <b><u>Skuldbindingar:</u></b>                 |            |                      |                          |
| Tekjuskattsskuldbinding                       | Kr.        | 0                    | Kr. 0                    |
|                                               | Kr.        | 0                    | Kr. 0                    |
| <b><u>Langtímaskuldir:</u></b>                |            |                      |                          |
| Langtímaskuldir                               | 8          | Kr. 1.066.837.144    | Kr. 1.045.141.869        |
| Næsta árs afborganir langtímalána             | "          | (53.341.857)         | " (52.257.093)           |
| Langtímaskuldir                               | Kr.        | 1.013.495.287        | Kr. 992.884.776          |
| <b><u>Skammtímaskuldir:</u></b>               |            |                      |                          |
| Viðskiptaskuldir                              | Kr.        | 3.616.711            | Kr. 64.600.462           |
| Skuldir við tengda aðila, Fiskvinnslan Kambur | "          | 96.861.224           | " 0                      |
| Viðskiptaskuldir, Stekkjarsalir               | "          | 29.631.567           | " 29.631.567             |
| Ýmsar skammtímaskuldir                        | "          | 9.089.460            | " 7.246.624              |
| Næsta árs afborganir langtímalána             | "          | 53.341.857           | " 52.257.093             |
| Skammtímaskuldir                              | Kr.        | 192.540.819          | Kr. 153.735.746          |
| Skuldir alls                                  | Kr.        | 1.206.036.106        | Kr. 1.146.620.522        |
| <b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS</b>               | <b>Kr.</b> | <b>1.094.220.117</b> | <b>Kr. 1.054.221.721</b> |

# YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2019

30.9.2019

2018

## Handbært fé frá rekstri:

|                                                  |     |              |     |              |
|--------------------------------------------------|-----|--------------|-----|--------------|
| Rekstrarafkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi | Kr. | (19.417.188) | Kr. | (89.517.372) |
| Afskriftir                                       | "   | 4.750.381    | "   | 3.036.328    |
| Gengisbreyting langtímalána                      | "   | 68.433.201   | "   | 72.760.971   |
| Tekjuskattsskuldbinding                          | "   | (4.854.297)  | "   | (9.806.908)  |
| Veltufé frá rekstri                              | Kr. | 48.912.097   | Kr. | (23.526.981) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:  |     |              |     |              |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun)           | Kr. | (26.054.426) | Kr. | (1.259.752)  |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun                  | "   | 37.720.309   | "   | 44.617.547   |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum   | Kr. | 11.665.883   | Kr. | 43.357.795   |
| Handbært fé frá rekstri                          | Kr. | 60.577.980   | Kr. | 19.830.814   |

## Fjárfestingahreyfingar:

|                             |     |              |     |               |
|-----------------------------|-----|--------------|-----|---------------|
| Kaup á aflaheimildum        | Kr. | 0            | Kr. | (343.600.000) |
| Kaup(sala) á fastafjármunum | "   | (13.641.626) | "   | (10.495.000)  |
| Fjárfestingahreyfingar      | Kr. | (13.641.626) | Kr. | (354.095.000) |

## Fjármögnunarahreyfingar:

|                         |     |              |     |               |
|-------------------------|-----|--------------|-----|---------------|
| Afborgun langtímalána   | Kr. | (46.737.926) | Kr. | (426.307.993) |
| Ný langtímalán          | "   | 0            | "   | 1.014.149.920 |
| Greiddur arður          | "   | 0            | "   | (250.000.000) |
| Fjármögnunarahreyfingar | Kr. | (46.737.926) | Kr. | 337.841.927   |

Hækkun (lækkun) á handbæru fé

Kr. 198.428 Kr. 3.577.741

Handbært fé í ársbyrjun

" 10.278.626 " 6.700.885

**HANDBÆRT FÉ Í LOK ÁRSINS**

**Kr. 10.477.054 Kr. 10.278.626**

# SKÝRINGAR

## 1. Starfsemi

Grábrók ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Starfsemi félagsins felst í útgerð fiskveiðibáta ásamt tengdum rekstri.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Grábrókar ehf. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum, sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning tekna

Tekjur af sölu fiskafurða eru færðar í rekstrarreikning við afhendingu.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn. útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

# SKÝRINGAR

## 2. Reikningsskilaaðferðir, (framhald)

### **Virðisrýrnun**

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða).

### **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærsla. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### **Langtímaskuldir**

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að fráðregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra.

### **Viðskiptaskuldir**

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. Fjármunatekjur

|                                | 2019 | 2018   |
|--------------------------------|------|--------|
| Vaxtatekjur af bankainnistæðum | 0    | 35.469 |
|                                | 0    | 35.469 |

## 4. Fjármagnsgjöld

|                                            | 2019       | 2018       |
|--------------------------------------------|------------|------------|
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum | 42.775.088 | 35.270.439 |
|                                            | 42.775.088 | 35.270.439 |

# SKÝRINGAR

## 5. Skattamál

Skattar vegna rekstrarársins 2019, sem álagðir verða á árinu 2020, hafa verið reiknaðir og færðir í árshlutareikninginn:

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi um 4,5 milljónum og er hann færður meðal skammtímakrafna til hækkunar á tekjuskattsinnægn.

## 6. Varanlegir Rekstrarfjármunir

|                         | Bátar, bifreiðar<br>áhöld | Varanlegar<br>fiskveiðiheimildir | Samtals       |
|-------------------------|---------------------------|----------------------------------|---------------|
| Stofnverð 1.1. 2019     | 18.630.903                | 1.011.185.943                    | 1.029.816.846 |
| Keypt á árinu           | 13.641.626                | 0                                | 13.641.626    |
|                         | 32.272.529                | 1.011.185.943                    | 1.043.458.472 |
| Afskrifað 1.1. 2019     | 3.036.328                 | 0                                | 3.036.328     |
| Afskrifað á árinu       | 4.750.381                 | 0                                | 4.750.381     |
|                         | 7.786.709                 | 0                                | 7.786.709     |
|                         |                           |                                  | 0             |
| Bókfært verð 30.09.2019 | 24.485.820                | 1.011.185.943                    | 1.035.671.763 |
| Afskriftarhlutföll      | 20%                       |                                  |               |

### Úthlutaðar og keyptar aflaheimildir í septemberlok 2019 miðað við slægðan fisk:

|                 | Aflahlutdeild<br>í prósentum | Aflamark<br>í tonnum | Aflamark<br>í þorskígildis<br>í tonnum | Staða<br>aflamarks |
|-----------------|------------------------------|----------------------|----------------------------------------|--------------------|
| Þorskur.....    | 0,2906751                    | 623.822              | 623.822                                | 550.860            |
| Ýsa.....        | 0,3316175                    | 107.425              | 107.425                                | 134.289            |
| Ufsi.....       | 0,1094675                    | 70.177               | 38.597                                 | 142.928            |
| Karfi.....      | 0,0084016                    | 3.095                | 2.136                                  | 2.405              |
| Langa.....      | 0,0466933                    | 1.876                | 1.313                                  | -                  |
| Blálanga.....   | 0,0128218                    | 47                   | 31                                     | 69                 |
| Keila.....      | 0,3392973                    | 8.405                | 3.278                                  | 11.212             |
| Steinbitur..... | 0,0577221                    | 4.105                | 2.422                                  | 15.820             |
| Illýri .....    | 0,2136373                    | 683                  | 526                                    | 521                |
|                 |                              | 819.635              | 779.549                                | 858.104            |

## 7. Eigið fé:

Hlutfé greinist þannig:

|                               | Hlutir  | Hlutfall | Fjárhæð |
|-------------------------------|---------|----------|---------|
| Heildarhlutfé í lok september | 500.000 | 100,00%  | 500.000 |

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 500.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna.  
Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

|                       | Hlutfé  | Varasjóður | Óráðstafað<br>eigið fé | Samtals       |
|-----------------------|---------|------------|------------------------|---------------|
| Flutt frá fyrra ári   | 500.000 | 125.000    | (93.023.801)           | (92.398.801)  |
| Rekstrarafkoma ársins |         |            | (19.417.188)           | (19.417.188)  |
| Eigið fé 30.09.2019   | 500.000 | 125.000    | (112.440.989)          | (111.815.989) |

## 8. Langtímaskuldir:

Yfirlit veðskulda:

|                                        | Áfallnir vextir<br>30.9.2019 | Eftirstöðvar<br>30.9.2019 | Næsta árs<br>afborganir |
|----------------------------------------|------------------------------|---------------------------|-------------------------|
| Arion banki, skuldabréf nr.91476 USD   | 118.029                      | 29.186.876                | 1.459.344               |
| Arion banki, skuldabréf nr. 91476 EUR  | 30.754                       | 12.757.745                | 637.887                 |
| Arion banki, skuldabréf nr. 91555 USD  | 14.134                       | 3.512.725                 | 175.636                 |
| Arion banki, skuldabréf nr. 91555 EUR  | 2.981                        | 1.241.945                 | 62.097                  |
| Arion banki, skuldabréf nr. 100307 USD | 746.856                      | 173.029.588               | 8.651.479               |
| Arion banki, skuldabréf nr. 100307 EUR | 185.608                      | 70.415.730                | 3.520.787               |
| Arion banki, skuldabréf nr.81263 USD   | 2.532.663                    | 626.194.589               | 31.309.729              |
| Arion banki, skuldabréf nr.81263 CAD   | 583.408                      | 150.497.946               | 7.524.897               |
|                                        | 4.214.433                    | 1.066.837.144             | 53.341.857              |

Gengi gjaldmiðla 30.09.2019

|     |        |
|-----|--------|
| USD | 123,98 |
| CAD | 93,66  |
| EUR | 135,48 |

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á ár:

|                      |               |
|----------------------|---------------|
| Afborganir næsta árs | 53.341.857    |
| Afborganir 2021      | 53.341.857    |
| Afborganir 2022      | 53.341.857    |
| Afborganir 2023      | 53.341.857    |
| Afborganir 2024      | 53.341.857    |
| Afborganir síðar     | 800.127.858   |
|                      | 1.066.837.144 |

## 9. Frestaður skattur

|                                     | Frestaður<br>skattur |
|-------------------------------------|----------------------|
| Staða í ársbyrjun                   | 4.586.613            |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins | 4.854.297            |
| Samsköttun                          | 0                    |
| Leiðrétt tekjuskattsskuldbinding    | 0                    |
| Staða í lok ársins                  | 9.440.910            |

### **Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:**

|                                        |             |   |
|----------------------------------------|-------------|---|
| Gengismunur                            | 14.080.603  |   |
| Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi | 580.602     | 0 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir           | (5.220.295) |   |
|                                        | 9.440.910   |   |